

Aalborg Portland vísar á bug dylgjum um undirboð

-Eftir ótvíræða niðurstöðu samkeppnisfirvalda er óþolandi að fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins ástundi dylgjur og beri fram ósannar fullyrðingar

Aalborg Portland Íslandi hf. [APÍ] mótmælir ásökunum Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi, ályktun fundar á vegum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Rafiðnaðarsambands Íslands, um að félagið stundi undirboð á sementsmarkaði. APÍ hefur boðið Íslendingum sement sem þolir verðsamamburð við Evrópulönd frá því félagið hóf innflutning haustið 2000. Félagið hefur ekki ástundað undirboð en mun kappkosta að bjóða Íslendingum gæða sement á góðu verði. Fremur en að gagnrýna APÍ ber að fagna samkeppni á íslenskum sementsmarkaði.

Hið virta tímarit, International Cement Review, birti úttekt á verði sements í Evrópu í júní 2001. Þar kemur fram, að áður en APÍ hóf innflutning, hafi sementsverð í gervallri Evrópu verið langhæst á Íslandi, tonnið vel yfir 100 evrur á meðan það var 55-75 evrur í V-Evrópu. “Ísland er öfgafullt dæmi um lítinn, fjarlægjan markað þar sem hráefni er fráleitt ákjósanlegt,” segir í grein blaðsins. Vegna hins háa sementsverðs á undanförmum árum og áratugum undanskilur tímaritið Ísland í samantekt sinni á sementsverði í Evrópu.

APÍ hóf að flytja inn sement í lausu til Íslands frá Danmörku haustið 2000. Um þær mundir lækkaði Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi verð til sementskaupenda umtalsvert. Afleiðingarnar hafa komið í ljós. Sementsverksmiðjan hf. var rekin með 228 milljóna króna halla árið 2001 og forsvarsmenn verksmiðjunnar segja að það stefni í mikinn hallarekstur árið 2002.

APÍ bendir á að Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi hafi kært félagið til Samkeppnisstofnunar vegna meintrar undirverðlagningar á innfluttu sementi. Samkeppnisstofnun sá ekki ástæðu til þess að grípa til aðgerða samkvæmt úrskurði í maí 2002. Í úrskurðinum felst, að Samkeppnisráð taldi að verðlagning APÍ á sementi hafi ekki verið í andstöðu við ákvæði og tilgang samkeppnislaga. Úrskurðurinn var staðfestur af Áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Ítrekaðar dylgjur um undirboð eru því ólíðandi og vitnisburður um veikan málstað Sementsverksmiðjunnar og ekki sæmandi ríkisfyrirtæki.

Aalborg Portland Íslandi hf. kærði í ársbyrjun Sementsverksmiðjuna hf. til Samkeppnisstofnunar fyrir brot á góðum viðskiptaháttum. Við forathugun Samkeppnisstofnunar var talið koma til álita að sekta Sementsverksmiðjuna fyrir brot á samkeppnislögum. Af því var þó ekki þar sem Sementsverksmiðjan var ekki talin markaðsráðandi, þó hún á þessum tíma hafi ráðið um 80% af íslenskum sementsmarkaði. Í athugun er af hálfu APÍ að áfrýja þeim úrskurði til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Sementsverksmiðjan kærði í árslok 2001 Aalborg Portland A/S í Danmörku til Eftirlitsstofnunar EFTA - ESA vegna meintra undirboða. Aalborg Portland A/S skilaði greinargerð til ESA í janúar 2002. Þar er málið enn til umfjöllunar. APÍ hvetur íslensk stjórnvöld til þess að óska flýtimeðferðar stofnunarinnar, því það er ólíðandi að sitja stöðugt undir ásökunum og dylgjum fyrirtækis í eigu íslenska ríkisins.

Aalborg Portland Íslandi hf. er rekið með hagnaði og f.o.b - verð Aalborg Portland A/S í Danmörku á sementi til Íslands er sambærilegt við önnur lönd sem fyrirtækið selur til innan Evrópu. Aalborg Portland A/S í Danmörku og dótturfyrirtæki þess á Íslandi eru þess fullviss að niðurstöður ESA staðfesti að ástunduð séu heiðarleg viðskipti á Íslandi, eins og fyrirhugað er að gera um ókomna tíð. APÍ vísar á bug ásökunum og dylgjum um undirboð. Þvert á móti ættu Íslendingar að fagna því að samkeppni ríki loks á íslenskum sementsmarkaði, eftir liðlega 40 ára ríkiseinokun á framleiðslu og sölu á sementi. Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Skandia fyrir Einkavæðingarnefnd árið 1999 kom fram að verð á sementi var mun hærra á Íslandi en í öðrum löndum Evrópu. Heilbrigð samkeppni stuðlar að lækkun byggingarkostnaðar og bættum lífskjörum Íslendinga. Það er kjarni málsins.

Fréttatilkvæning 19. nóvember 2002:

Upplýsingar: Bjarni Óskar Halldórsson,
framkvæmdastjóri Aalborg Portland á Ísland hf.

Alþingi
Erindi nr. **P** 128/259
komudagur 25.11.2002

Akraneskaupstaður

JPP/rp
Skj. 13800



Iðnaðarnefnd Alþingis,
Alþingishúsinu v/Austurvöll,
150 REYKJAVÍK.


Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 21. nóvember 2002, var m.a. fjallað um bréf iðnaðarnefndar Alþingis, 14.11.2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar h.f. 133. mál.

Bæjarráð Akraness fagnar framkominni tillögu og leggur til að hún verði samþykkt.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 22. nóvember 2002.

Virðingarfyllst,



Jón Palmi Pálsson, bæjarritari



Alþingi
Erindi nr. P 128, 2.6
komudagur 20.11.2002

Reykjavík, 14. nóv. 2002

Formaður iðnaðarnefndar
Hr. Hjálmar Árnason


Efni: Krafa um fund í iðnaðarnefnd vegna málefna Sementsverksmiðjunnar hf.

Undirritaður krefst þess að í iðnaðarnefnd verði haldinn fundur við fyrsta tækifæri til þess að fjalla um málefni Sementsverksmiðjunnar hf.

Til fundarins verði kallaðir eftirfarandi aðilar: Stjórn verksmiðjunnar, fulltrúar iðnaðarráðuneytis, Hollustuverndar, Akranesskaupstaðar, Verkalýðsfélags Akraness, Samkeppnisstofnunar og Samtaka iðnaðarins.

Einnig að fjallað verði um þingsályktunartillögur Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Árna Steinars Jóhannssonar


Geirfinna Óladóttir, ritari
Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs

ÁRNI STEINAR JÓHANSSON
alþingismaður



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 128/381
komudagur 2.12.2002

Dagsetning 26. nóvember 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 133, tillögu til þingsályktunar um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur mikilvægt að tekið sé með skipulegum hætti á förgun spilliefna. Stofnunin telur að það sé á verksviði iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra að láta meta með hvaða hætti þessum málum er best fyrir komið.

Virðingarfyllst

Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs

Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi



Alþingi
Erindi nr. P 128/484
komudagur 4.12.2002

E F N A M Ó T T A K A N H F

Reykjavík 2. desember 2002.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Þingsályktunartillaga um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., 133. mál.


Efnamottakan hf. þakkar fyrir að fá til umsagnar þingsályktunartillögu um að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf.

Sementsverksmiðjur erlendis hafa lagt mikla áherslu á að fá úrgangsefni til brennslu í stað olíu eða kola. Þannig losna verksmiðjurnar við kaup á eldsneyti og fá jafnvel greitt með brennslu úrgangsefnanna. Viðkomandi samfélag þarf ekki að leggja til land undir urðun þeirra úrgangsefna sem þannig er unnt að brenna, eða eyða þeim með öðrum og oft á tíðum dýrari hætti.

Með væntanlegum úrvinnslulögum skapast hagrænir hvatar til að safna í auknum mæli umbúðaúrgangi, hjólbörðum o.fl. Þau lönd sem á annað borð hafa einhver umhverfismarkmið leitast nú við að minnka urðun úrgangs eins og kostur er. Sum efni er hægt að endurvinna sem hráefni í aðra framleiðsluvöru, en öðrum efnum þarf að finna annan farveg. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og þar kemur fram að innan fárra ára verður bannað að urða hjólbarða. Á Íslandi er núna enginn farvegur fyrir ónýta hjólbarða nema í urðun. Hjólbarða og ýmsan umbúðaúrgang er tiltölulega einfalt að brenna til orkuvinnslu eða til að koma í stað annarra orkugjafa. Þar getur Sementsverksmiðjan gengt stóru hlutverki. Nú þegar er brennt í ofni Sementsverksmiðjunnar talsverðu magni af olíu, framköllunarefnum og leysiefnum og hefur sú brennsla þegar sparað umtalsverð kaup verksmiðjunnar á eldsneyti erlendis frá.

Það yrði verulegt áfall fyrir úrvinnsluiðnaðinn hér á landi ef brennslu úrgangsefna yrði hætt í Sementsverksmiðjunni. Þá þarf að koma þessum efnum í aðra farvegi, í flestum tilfellum erlendis, með tilheyrandi kostnaði. Einnig þarf að hafa í huga að reglur um flutning úrgangsefna milli landa verða sífellt strangari. Efnamottakan hf. hvetur því Alþingi til að skoða hvernig tryggja megi rekstur Sementsverksmiðjunnar á Akranesi til frambúðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Endurvinnslunnar hf.


Gunnar Bragason,
framkvæmdastjóri.

Heimilisfang / Address
Gufunes
112 Reykjavík
Iceland

Sími / Tel. +354-520 2220
Myndsendir / Telefax
+354-520 2209
efnamottakan@efnamottakan.is
www.efnamottakan.is

Kennit. / Reg. No. 691298-2729
Vsk.nr. / VAT.No. 60711
Reykjavík Savings Bank
Icebank Ltd. Ármúla 13a
1158-26-5544



Alþingi
Erindi nr. P 128/592
komudagur 9.12.2002

Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY
OF ICELAND

Skrifstofa Alþingis
Umhverfisstofa
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2002
HVR20021100084

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf., mál nr. 133

Sementsverksmiðjan gegnir í dag mikilvægum hlutverki við nýtingu úrgangsefna í landi. Sementsverksmiðjan h.f. nýtir í dag um 5000 tonn af úrgangsolíu, sem eldsneyti en annars þyrfti að farga þeirri olíu sem spilliefni. Jafnframt hafa verið nýtt um 1000 tonn af skautleifum sem eldsneyti og nú stendur yfir tilraun á eyðingu framköllunarvökva í verksmiðjunni. Aðaleldsneyti verksmiðjunnar í dag eru kol og er notkun þeirra um 12 til 17000 tonn á ári. Í stað einhvers hluta þeirra má hugsa sér að nýta úrgang sem er orkurikari en kol. Það sem liggur beinast við þar eru hjólbarðar og ýmiss konar umbúðaplast, sem má ætla að séu um 5000 tonn á ári. Nýting þessara efna ætti að tengjast mjög vel við þá stefnu sem verið er að marka með frumvörpum umhverfisráðherra til laga um úrvinnslugjald og meðhöndlun úrgangs.

Sementsverksmiðjan hefur í dag heimild í starfsleyfi til að nýta þau spilliefni sem hagkvæmt er fyrir hana að nýta. Jafnframt hefur verksmiðjan heimild í starfsleyfi til að nýta orkuríkan fastan orkugang, en búnaður til að mata slíkan úrgang er ekki fyrir hendi. Þegar slíkur búnaður er til staðar verður ef til möguleiki til að taka inn önnur spilliefni til brennslu í ofninum, en heimild fyrir slíkri eyðing er ekki fyrir hendi í starfsleyfi nema að hluta. Stofnunin bendir hins vegar á að nauðsynlegt sé að gera heildaráætlun um endurnotkun og förgun orkuríks úrgangs og spilliefna hér landi og í því sambandi hlýtur breytt hlutverk verksmiðjunnar að koma til skoðunar og hagkvæmni metin í samanburði við aðra kosti.

Virðingarfyllst,
f.h. Hollustuverndar ríkisins

Davíð Egilson
forstjóri

Helgi Jónsson
forstöðumaður

Office address:

Ármúla 1a
108 Reykjavík

Postal address:

P.O. Box: 8080
IS-128 Reykjavík

Telephone:

+ 354-585 1000

Telefax:

+ 354-585 1010

Internet:

www.hollver.is

Kennitala:

490882-0149

Alþingi
Erindi nr. P 128/483
komudagur 4.12.2002



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Ágúst Geir Einarsson
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>

Reykjavík, 2. desember 2002
Tilvísun : IVR02110063/10.203/GOG

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 14. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf. þingskjal 133. Það er ljóst að Sementsverksmiðjan gegnir mikilvægu hlutverki við förgun úrgangsefna í dag og mun að óbreyttu gegna mun mikilvægara hlutverki í framtíðinni. Ráðamenn verksmiðjunnar hafa verið að vinna að þessum málum m.a. í samvinnu við Efnamótökuna hf og Spilliefnanefnd. Sementsverksmiðjan og Efnamótakan hafa undirritað viljayfirlýsingu og er markmið aðila að auka endurvinnslu úrgangsefna hér á landi, minnka þörf fyrir innflutt eldsneyti og bæta umhverfisímynd beggja fyrirtækja og landsins út á við. Búið er að vinna frumskýrslu að hálfu Sementsverksmiðjunnar um málið þar sem m.a. er farið yfir hvaða efnum er hægt að eyða, ávinningur samfélagsins og áætlaður kostnaður vegna fjárfestinga. Af þeirri skýrslu má ráða að það er óneitanlega hagur samfélagsins að Sementsverksmiðjan haldi áfram starfsemi sinni og taki aukinn þátt í eyðingu úrgangsefna. Að öðrum kosti munu Íslendingar í auknu mæli þurfa að flytja úrgangsefni úr landi þar sem leyfi til urðunar úrgangsefna eru alltaf að þrengjast. Ráðuneytið telur ekki þörf á þessu stigi að gerð sé frekari úttekt á þessum tíma en tekur undir að þörf sé á slíkri úttekt í framtíðinni.

F.h.r.

Alþingi
Erindi nr. P 128/486
komudagur 4.12.2002

Iðntæknistofnun 

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Keldnaholti, 112 Reykjavík
Heimasíða: <http://www.iti.is>
Sími 570 7100
Bréfasími 570 7111

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 02.12.2002
0AA7000-52.01 HAJ/aó


Málefni: Umsögn um tillögu til þingályktunar um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna

Iðntæknistofnun vill taka undir þau sjónarmið sem fram koma í ofangreindri tillögu.

Það er ljóst að í ofni verksmiðjunnar er unnt að farga ýmsum efnum, án þess að gæð í sements rýrni, en það gerir kröfu til að fylgst verði með útblæstri frá verksmiðjunni og að til staðar verði viðeigandi hreinsibúnaður.

Mikilvægt er að hugað verði að því að samkeppnisstaða skekkist ekki á þeim markaði sem verksmiðjan starfar á.

Virðingarfyllt,


Hallgrímur Jónásson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/346
komudagur 29.11.2002



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið / Ágúst Geir Ágústsson
150 Reykjavík

26. nóvember 2002

Efni: Þingsályktunartillaga um framtíðarhlutverk Sementsverkssmiðjunnar hf, 133 mál.


Vísað er í bréf Alþingis dagsett 14. nóvember 2002.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér þingsályktunartillögu um framtíðarhlutverk Sementsverkssmiðjunnar hf.

Stjórn Landverndar telur jákvætt ef finna má leið til að farga spilliefnum hér á landi með öruggum hætti. Eitt megin skilyrði fyrir brennslu á spilliefnum er að hitastig við brennslu sé mjög hátt.

Stjórnin vekur athygli á því að Sementsverkssmiðjan er staðsett í þéttbýlisstað og því verði að tryggja að mengunarvarnir verði með þeim hætti að íbúum á svæðinu stafi engin hættu af eyðingu spilliefna. Það er mikilvægt að allir áhættuþætti séu metnir og að íbúum á svæðinu verði kynnt hvaða starfsemi muni fara fram í verksmiðjunni áður en ákvörðun er tekin.

Stjórn Landverndar telur að mikið af þeim plastúrgangi sem í dag er urðaður geti verið góður orkugjafi ef brennsla fer fram með ábyrgum hætti. Úrgangsplast er auðlind á villigötum og það væri vissulega framfaraspur ef það mætti nota það sem orkugjafa í verksmiðjunni.

Virðingarfyllst,
Tryggvi Felixson 
framkvæmdastjóri Landverndar



Nefndarsvið Alþingis
B.t. Ágústar Geirs Ágústssonar
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVVÍK

ÓM/AA

Rvk. 25.11.2002

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna - 133. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar eftirfarandi tillaga til þingsályktunar um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., 133 mál.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi við förgun spilliefna sem falla til í landinu ásamt öðrum iðnaðarúrgangi.

Samtök atvinnulífsins leggja á það áherslu að endurnýting úrgangs og förgun/eyðing spilliefna í ofni Sementsverksmiðjunnar hf. sé raunhæfur og hagkvæmur kostur miðað við þá meðferð sem slíkur úrgangur fær í dag. Ennfremur er lögð á það áhersla að haft sé samráð við stjórnvöld og starfandi atvinnurekstur á svæðinu áður en ráðist er í slíka framkvæmd.

Greinargerð

Það er alkunna að sementsverksmiðjur í nágrennalöndum okkar hafa löngum verið nýttar til að endurnýta úrgang, þ.e. til að brenna úrgang í þeim tilgangi að nýta orkuna sem við það losnar. Ennfremur hafa slíkar verksmiðjur verið nýttar til að farga eða eyða úrgangi. Þannig hefur Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi endurnýtt nær alla úrgangsolíu sem til hefur fallið á landinu um langt árabíl.

Á landinu eru starfandi nokkrar brennslustöðvar sem aðallega brenna húsasorpi og nýta að miklu leyti þá orku sem við brennsluna vinnst. Þörf er á brennslustöðvum sem brennt geta sérhæfum úrgangi svo sem hjólbörðum, plasti, olíu og leysiefnum og um leið nýtt þá orku sem við það losnar. Sementsverksmiðjan hf. er tæknilega kjörin til slíkra verkefna og vel í sveit sett á höfuðborgarsvæðinu þar sem stærsti hluti úrgangsins fellur til.

Brennsluofn Sementsverksmiðjunnar hf. er einnig kjörin til að farga eða eyða ýmsum spilliefnum sem ella verður að flytja úr landi til eyðingar með ærnum tilkostnaði. Við það hitastig sem efnid nær í brennsluofninum, um 1450°C, eyðast nær öll lífræn efnasambönd og leysast upp í frumþætti sína. Þannig er tæknilega auðvelt að eyða ýmsum spilliefnum sem hingað til hafa verið flutt úr landi til eyðingar. Má þar nefna framkallara, fixer, leysiefni, klóreruð kolvatnsefni, olíumálningarleifar, prentlítaúrgang o. fl.



Ef ætlunin er að færa út starfsemi Sementsverksmiðjunnar hf. með þessum hætti, þá leggja Samtök atvinnulífsins á það áherslu, að sú framkvæmd fari fram í fullu samráði og sátt við stjórnvöld á staðnum og atvinnustarfseminu á svæðinu. Starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar skal taka mið af nýrri og aukinni starfsemi, og vegna návistar Sementsverksmiðjunnar hf. við löndun og vinnslu sjávarfangs skal leita álits Fiskistofu og helstu söluaðila sjávarfangs áður en í framkvæmd er ráðist.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Óskar Maríusson



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna, 133. mál.

Sementsverksmiðjan hf. hefur mikilvægu hlutverki að gegna við endurnýtingu og förgun úrgangs. Það hlutverk verður æ mikilvægara eftir því sem gerðar eru ríkari kröfur til umhverfismála og meðferðar úrgangs, þar á meðal spilliefna.

Meginhlutverk Sementsverksmiðjunnar er og verður auðvitað að framleiða sement fyrir íslenskan markað. Síðustu misseri hafa verið blikur á lofti í rekstrinum sem stafa fyrst og fremst af því að Aalborg Portland hefur byrjað að selja sement á Íslandi og hefur kosið að fara þá leið að bjóða verð sem er undir söluverði í Danmörku og í Færeyjum. Þau mál eru til meðferðar hjá íslenskum samkeppnisyfirdómum og Eftirlitsstofnun EFTA og vekur ugg hversu langan tíma þessi yfirdóm gefa sér til skoðunar á málinu.

Á sama tíma og Sementsverksmiðjan hefur mátt takast á við þessa óeðlilegu samkeppni hefur orðið mikill samdráttur á sölu á sementi og hefur þetta tvennt orðið til þess að tvísýnt fer að verða um að rekstri verksmiðjunnar verði haldið áfram mikið lengur.

Komi til þess að rekstur Sementverksmiðjunnar stöðvist tekur við einokun Aalborg Portland á íslenskum sementsmarkaði og þarf ekki að fjölyrða um það að þau kostakjör sem nú bjóðast hjá fyrirtækinu yrðu úr sögunni. Einokun Aalborg Portlands á íslenskum sementsmarkaði verður fráleitt betri en núverandi fyrirkomulag.

Samtímis hyrfi núverandi aðstaða til förgunar úrgangsolíu auk þess sem mjög er horft til Sementsverksmiðjunnar við endurnýtingu og förgun úrgangs á borð við hjólbarða, plasts og fleiri efna í tengslum við frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs sem liggur fyrir Alþingi. Hætti Sementsverksmiðjan þarf að leita annarra leiða og jafnvel að flytja efnin til útlanda til endurnýtingar og förgunar með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði.

Hvort tveggja er mjög slæmt að mati Samtaka iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins styðja því eindregið að íslensk stjórnvöld láti kanna framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar við endurnýtingu og förgun úrgangs, ekki síst spilliefna, m.a til þess að styrkja rekstrargrundvöll hennar og leysa samtímis brýn úrlausnarefni á sviði umhverfismála með hagkvæmum hætti.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jon Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri



SEMENTSVERKSMÍÐJAN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Mánabraut 20 300 Akranes
Sími: 430 5000
Bréfasími: 430 5001
Netfang: sement@sement.is
Veffang: www.sement.is

Akranesi, 25. nóvember 2002

Efni: Bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 14. nóvember 2002.

Skv. framangreindu bréfi er óskað eftir umsögn Sementverksmiðjunnar hf varðandi þingsályktunartillögu um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf við förgun spilliefna.


Sementsverksmiðjan hf lýsir yfir stuðningi við tillöguna með þeirri athugasemd að í stað orðsins “spilliefna” komi orðið “úrgangsefna”.

Sementsverksmiðjan hefur í samstarfi við Efnamóttökuna, látið vinna drög að skýrslu um brennslu úrgangsefna í ofni fyrirtækisins, en telur það málinu til framdráttar að fulltrúar frá fleiri aðilum komi einnig að málinu.

Sementsverksmiðjan vill benda á, að auk eyðingar á fljótandi úrgangsefnum eins og nú á sér stað, þá getur fyrirtækið tekið að sér eyðingu á hjólbörðum og plasti sem til fellur í landinu, en varla mikið umfram það. Allt er þetta að vísu háð því að hægt verði að tryggja framtíðarrekstur fyrirtækisins.

Virðingarfyllst

SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF



Gylfi Þórðarson



Nefndasvið Alþingis,
Ágúst Geir Ágústsson,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

05-12-2002.

Varðar: Þingsályktunartillögu um um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar,
133. mál.

Með bréfi dags. 14. nóvember s.l. óskar Iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Spilliefnanefndar um ofangreint frumvarp. Nefndin hefur haft frumvarpið til skoðunar og vill gera neðangreindar ábendingar.

Sementsverksmiðjur hafa víða veigamiklu hlutverki að gegna við endurnýtingu og eyðingu spilliefna. Hér á landi hefur ekki verið talinn grundvöllur vegna fámennis og lágs orkuverðs til þess að starfrækja sérstakar brennslustöðvar fyrir spilliefni. Því hefur helst verið horft til þess að nýta mætti eiginleika Sementsverksmiðjunnar í ofangreindum tilgangi. Hin almenna regla er að spilliefnum skuli eytt í því landi sem þau falla til. Öll spilliefni önnur en úrgangsolía og leysiefni hafa verið flutt héðan til annarra landa fram til þessa þrátt fyrir framangreinda meginreglu.

Sementsverksmiðjan hf. hefur brennt nær allri úrgangsolíu sem til fellur á landinu, sem hefur verið um fimm þúsund tonn á ári og leysiefnum, um 70 tonnum á ári. Spilliefnanefnd hefur vænst þess að verksmiðjan tæki ríkari þátt í að fyrirkoma spilliefnum og átt frumkvæði að fundum þar að lútandi. Eyðing á framköllunurvökum er nú hafin í verksmiðjunni en af þeim hafa fallið til yfir 200 tonn á ári.

Verði frumvarp til laga um úrvinnslugjald að lögum má ætla að hlutverk verksmiðjunnar gæti enn aukist við endurnýtingu annars úrgangs en spilliefna, svo sem hjólbarða og plasts. Verði sá kostur ekki til staðar að nýta megi eiginleika verksmiðjunnar til endurnýtingar eða eyðingar takmarkast mjög möguleikar til að fyrirkoma spilliefnum sem og öðrum úrgangi hér á landi og þar með að fylgja þeirri meginreglu sem getið er hér að ofan — að förgun skuli fara fram í því landi sem spilliefni falla til í.

Spilliefnanefnd mælir af ofangreindum ástæðum með því að úttekt verði gerð á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. með tilliti til förgunar spilliefna og annars úrgangs.

F.h. Spilliefnanefndar,

Már Karlsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/485
komudagur 4.12.2002



2. desember 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf., 133 mál.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 19. nóvember sl. fengið tilvitnað þingmál til umsagnar.

Með þessari tillögu er gert ráð fyrir að framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar við förgun spilliefna verði kannað.

SVÞ gera ekki athugasemdir við þessa tillögu sem hlýtur að teljast eðlileg þegar haft er í huga hversu mikið öll förgun úrgangsefna er að breytast og nægir í því sambandi að vísa til frumvarps til laga um úrvinnslugjald, 337. mál, sem nú er til meðferðar í þinginu. Tilvist Sementsverksmiðjunnar hf. sem sementsframleiðanda hlýtur ætíð að ráðast af því að verksmiðjan sé fær um að framleiða og selja samkeppnisfæra vöru. Förgun spilliefna er annað mál. Möguleikar verksmiðjunnar til að brenna úrgangsefnum er nokkrir nú þegar, en upplýst hefur verið að leggja þurfi í fjárfestingu upp á meira en 200 milljónir til að hægt sé að taka til brennslu hjólbarða o.fl. sem óskir hafa komið fram um að hægt sé að brenna. Hvar sú fjárfesting verður gerð og hvort það fjármagn gæti nýst betur í öðrum sorpbrennslum er sjálfstætt úrlausnarefni þar sem staðarval o.fl. skiptir máli. En þar sem verksmiðjan er ríkisrekin verður að tryggja að greiðslur fyrir brennslu sem verksmiðjan semdi um við opinbera aðila væru aldrei meiri en eðlilegt teldist fyrir þá vinnslu og bjagaði því ekki samkeppni á sementsmarkaðinum.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri